

Orka náttúrunnar ohf.
Ársreikningur 2023

Orka náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 471119-0830

Efnisyfirlit


	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	7
Rekstrarreikningur	11
Efnahagsreikningur	12
Eiginfjárfirlit	13
Sjóðstreymisyfirlit	14
Skýringar	15

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Orka náttúrunnar ohf. er opinbert hlutafélag sem starfar á grundvelli laga nr. 2/1995 um hlutafélög og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (Orkuveitan). Eigandi félagsins er Orkuveita Reykjavíkur – Eignir ohf. sem er alfarið í eigu Orkuveitunnar. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Starfsemi Orku náttúrunnar ohf. felur í sér framleiðslu á rafmagni og heitu vatni í Andakílsárvirkjun og Nesjavallavirkjun, kaup og sölu á rafmagni til heimila og fyrirtækja á almennum markaði og heildsölumarkaði og rekstur hleðslustöðva. Á árinu 2023 hætti Orka náttúrunnar rekstri á götuljósþjónustu og seldi reksturinn til fyrirtæksins Ljóstvista. Jafnframt var rekstur á Jarðhitasýningu Orku náttúrunnar færður til Orkuveitunnar á árinu.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir kjarnastarfsemi samstæðu Orkuveitunnar, þar með talið kjarnastarfsemi Orku náttúrunnar. Fyrir neðan er greint frá helstu viðskiptaferlum í virðiskeðjunni og loks eru helstu hagsmunaaðilar að hverjum hlekk keðjunnar tilgreindir.



Virðiskeðja	AUÐLIND –Leit að og rannsókn auðlinda og óftun réttinda til að nýta þær –Vöktun og stýring nýtingar	NÝFRAMKVÆMDIR –Hönnun og óftun leyfa –Kaup á efni, búnaði og þjónustu verktaka –Eftirlit og prófanir	VINNSLA OG MIÐLUN –Móttaka nýsmíði í rekstur –Stýring og vöktun vinnslu –Eftirlit, viðhald og endurnýjun –Kaup á efni, búnaði og þjónustu	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA –Óftun og skráning viðskiptavina –Tenging heimila og fyrirtækja –Álestur og útgáfa reikninga –Viðbrögð við bilunum	AUÐLIND –Vöktun viðtaka
Hagsmunaaðilar	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Almenningur Umsagnir um leyfi, kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Verktalar og vörubirgjar Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun Almenningur Umsagnir og kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu Almenningur Ábendingar, upplýsingar Viðskiptavinir Upplýsingar um þjónustubrest Verktakar og vörubirgjar Framkvæmdir, útvegum efnis, ráðgjöf, fjármögnun	Viðskiptavinir Greiðsla reikninga, álestur Opinberir aðilar Vöktun á afhendingaröryggi, notkunarmælingum og verði	Opinberir aðilar Vöktun umhverfisáhrifa Almenningur Ábendingar, upplýsingar
	Starfsfólk, samtök og félög fólks og fyrirtækja og eftirlitsaðilar með starfsaðstæðum á vinnumarkaði eiga hagsmuni að allri virðiskeðjunni.				

Nánar er fjallað um virðiskeðju OR samstæðunnar í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi OR. Þar er einnig fjallað um ójánhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnhætti í samstæðunni. Enn ítarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2023. Hún er rafræn á slóðinni arsskyrsla2023.or.is. Þar má einnig að finna skýrsluna á pdf-sniði.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Sjálfbærni og virðing fyrir umhverfinu er meðal þess sem fyrirtækið leggur kapp á. Þær áherslur birtast meðal annars í því að eftirfarandi Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna gætir í starfsemi allri.



Fjárhagslegar niðurstöður 2023

Hagnaður af rekstri Orku náttúrunnar ohf. á árinu 2023 nam 1.190,9 milljónum kr. (2022: 1.301,4 mkr.) Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins í lok ársins 42.951,2 milljónum kr. (31.12.2022: 43.023,4 mkr.) Eigið fé nam 23.388,2 milljónum kr. í lok ársins (31.12.2022: 23.570,4 mkr.). Eiginfjárhlutfall félagsins er 54,5% (31.12.2022: 54,8%).

Fjöldi ársverka hjá félaginu á árinu 2023 var 110 (2022: 93,8 ársverk).

Stjórn Orku náttúrunnar leggur til við aðalfund að arður greiddur til eiganda á árinu 2024 vegna rekstrarársins 2023 verði 2.000 milljónir kr. Varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé vísast að öðru leyti til ársreikningsins.

Stjórn og stjórnhættir

Stjórnhættir Orkuveitunnar og dótturfélaga eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðeild, gagnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga gilda lög nr. 136/2013. Á grunni laga um Orkuveitu Reykjavíkur gerðu eigendur með sér sameignarsamning, sem skýrir nánar ábyrgð og valdmörk. Hann er aðgengilegur á vef Orkuveitunnar eins og Eigendastefnan þar sem áherslur eigenda um starfshætti í samstæðunni eru skýrðar. Á árinu 2022 setti Reykjavíkurborg sér eigendastefnu, sem segir til um hvernig Reykjavíkurborg hyggst ganga fram gagnvart fyrirtækjum í sinni eigu. Stefnan mun leiða til breytinga á Eigendastefnu Orkuveitunnar. Áherslubreytingar með nýrri Heildarstefnu Orkuveitunnar kunna einnig að leiða til breytinga á Eigendastefnunni.

Siðareglur Orkuveitunnar og dótturfélaga byggjast á heiðarleika, sem er eitt af gildum fyrirtækjanna. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eru til stuðnings starfsfólki þannig að heiðarleiki, virðing og jafnrétti einkenni samskipti hvort sem er við viðskiptavini, stjórn, samstarfsfólk, verktaka eða aðra hagsmunaaðila. Siðareglurnar eru ekki tæmandi og því þurfa þau sem reglurnar taka til að geta reitt sig á eigin samvisku ef siðferðileg álitamál koma upp.

Starfsreglur stjórnar Orku náttúrunnar taka mið af siðareglunum, Leiðbeiningum um stjórnhætti fyrirtækja, sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland ehf. og Samtökum atvinnulífsins og handbók stjórnarmanna, útgefinni af KPMG.

Samstæða Orkuveitunnar á aðild að Global Compact og gaf á árinu 2021 út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðisæðju samstæðunnar. Með því að samþykka siðareglurnar með undirskrift gangast birgjar undir kröfur um að virða mannréttindi, umhverfið og reglur vinnumarkaða jafnframt því að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum Orkuveitunnar um árabíl, en eru nú einnig gerðar í minni innkaupum. Í árslok 2023 höfðu 121 birgjar staðfest að þeir hlíti siðareglunum.

Fimm eiga sæti í stjórn Orku náttúrunnar. Samkvæmt stjórnháttum eru þrjú úr starfsliði Orkuveitunnar, þar af a.m.k. einn úr hópi stjórnenda. Tvö eru utanaðkomandi en sérfróð á starfssviði félagsins.

Í stjórn Orku náttúrunnar árið 2023 voru:

- Helga Jónsdóttir, lögfræðingur, formaður.
- Tómas Ingason, verkfræðingur og MBA, varaformaður
- Hólmfríður Sigurðardóttir, umhverfisstýra OR.
- Gísli Björn Björnsson, sérfræðingur á fjármálasviði OR.
- Ingui Gunnarsson, forstöðumaður auðlindastýringar hjá OR.

Árni Hrannar Haraldsson, BSc í efnifræði og MSc í rekstrarverkfræði tók við starfi framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar 1. maí 2023 af Berglindi Rán Ólafsdóttur M.Sc. í sameindalíffræði og MBA.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Stjórn og stjórnhættir, frh.:

Endurskoðunarnefnd samstæðu Reykjavíkurborgar er jafnframt endurskoðunarnefnd Orku náttúrunnar. Einn nefndarmanna er skipaður samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur. Ákvæði þessa efnis koma fram í 9. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur.

Endurskoðunarnefnd Orku náttúrunnar skipa eftirtalin:

- Lárus Finnbogason.
- Einar Sveinn Hálfðánarson.
- Sigrún Guðmundsdóttir.
- Sunna Jóhannsdóttir - samkvæmt tilnefningu stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur.

Varamenn í endurskoðunarnefnd í árslok eru:

- Danielle Pamela Neben.
- Páll Grétar Steingrímsson.
- Ólafur Kristinsson.

Endurskoðunarnefnd er undirnefnd stjórnar Orku náttúrunnar og starfar í umboði hennar. Markmið með skipan endurskoðunarnefndar er að bæta starfshætti sem lúta að fjárhagslegu eftirliti. Fjallað er um verkefni endurskoðunarnefnda í IX. kafla A í lögum um ársreikninga.

Lögbundin verkefni endurskoðunarnefnda eru eftirfarandi:

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila.
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu.
- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings einingarinnar.
- Mat á óhæði endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtækis og eftirlit með öðrum störfum þeirra.
- Tillaga til stjórnar um val á endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki.

Endurskoðunarnefnd Orku náttúrunnar fylgist með stjórnháttum, virkni áhættustýringar og innra eftirliti með því að yfirfara og afgreiða innri endurskoðunaráætlun. Það er stór hluti af verkefnum innri endurskoðunar að hafa eftirlit með og kanna virkni áhættustýringar og virkni innra eftirlits. Á fundi nefndarinnar þann 12. desember 2022 fékk nefndin innri endurskoðunaráætlun samstæðu Orkuveitunnar fyrir tímabilið 2023 – 2024 til umfjöllunar og vísaði henni til stjórnar Orku náttúrunnar til samþykktar. Innri endurskoðunaráætlun 2023 – 2024 var samþykkt í stjórn Orku náttúrunnar 15.12.2022.

Á starfsárinu, sem náði frá ágúst 2022 til júní 2023, vann nefndin að útboði ytri endurskoðunar. Samningur við ytri endurskoðendur félagsins, Grant Thornton endurskoðun ehf., var til fimm ára og náði til árana 2018-2022, að báðum árum meðtöldum. Vinna við útboð ytri endurskoðunar hófst hjá nefndinni í september 2022 og lauk í maí 2023 með því að nefndin gerði tillögu um að lægst bjóðandi Grant Thornton endurskoðun ehf. yrði valinn endurskoðandi félagsins til a.m.k. næstu fimm ára, þ.e. árana 2023-2027. Tillagan var samþykkt á eigendafundi Orkuveitunnar 30. maí 2023 með vísan til afgreiðslu málsins á aðalfundi, sem haldinn var 26. apríl 2023.

Nefndin fer yfir og fær kynningu á endurskoðunaráætlun ytri endurskoðenda en við gerð áætlunarinnar er lagt mat á áhættu- og óvissupætti í starfsemi félagsins. Hluti af verkefnum ytri endurskoðenda er að leggja mat á innra eftirlit sem tengist reikningsskilagerð félagsins. Endurskoðunarnefnd fylgist með framgangi endurskoðunarinnar, fer yfir niðurstöður ytri endurskoðenda og gerir stjórn Orku náttúrunnar grein fyrir umsögn sinni um ársreikning. Nefndin tekur til umfjöllunar skýrslur innri og ytri endurskoðenda og fylgir nefndin sérstaklega með eftirfylgni ábendinga þeirra sem varða innra eftirlit.

Hjá Orkuveitunni er skráð verklag um meðferð mála þegar ætla má að starfsmaður eða stjórnandi hafi brotið gegn reglum fyrirtækisins eða hafi orðið uppvís að sviksemi í starfi. Verklagsreglan er öllu starfsfólki aðgengileg. Vakni grunur um brot ber að tilkynna það næsta yfirmanni eða innri endurskoðanda fyrirtækisins sem ber að upplýsa um það en gæta trúnaðar við meðferð slíkra upplýsinga, þar með talið að gæta leyndar um nafn tilkynnanda. Ekkert tilvik var um það á árinu 2023 að grunur vaknaði um sviksemisbrot. Ytri aðilar veita gæðakerfi Orku náttúrunnar óháða vottun.

Starfsreglur stjórnar Orku náttúrunnar eru aðgengilegar á vef félagsins www.on.is. Í ársreikningi Orkuveitunnar 2023 er nánar fjallað um stjórnhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættustýringu í skýringum nr. 28-33.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Árangur og óvissupættir 2023

Kolefnisspor samstæðunnar stækkaði á árinu 2023. Það má rekja til hnökra í rekstri lofthreinsistöðvar við Helligshéðavirkjun. Stórt skref til smækkunar kolefnissporsins verður stigið með stækkun lofthreinsistöðvar á Helligshéði árið 2025. Á móti vó að föngun og förgun koldíoxíðs og brennisteinsvetnis úr gufunni sem nýtt er í Nesjavallavirkjun hófst á árinu 2023. Um tilraunarekstur er að ræða sem verður skalaður upp til ársins 2030 þegar áformað er að nánast allt jarðhitagas úr gufunni verði fangað og því fargað. Brennisteinsvetni fór ekki yfir reglugerðarmörk á starfssvæði samstæðunnar á árinu 2023.

Loftslagsáhætta snertir alla þætti starfsemi Orkuveitunnar. Í áhættugrunni hafa verið skilgreindar 14 aðstæður tengdar loftslagsbreytingum sem áhrif geta haft á starfsemina. Á meðal þeirra sem veigamestar eru samkvæmt upphaflegu mati er vó tengd flóðum vegna ákafrar úrkomu, aukin tíðni eldingaveðurs með áhrifum á rafbúnað, gróðureldar á vatnsverndarsvæðum og aukinn þörungablómi í vatnsbólum vegna hækkanði hitastigs. Unnið er í senn að mótvægisáðgerðum, það er að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, og áðgerðum til aðlögunar með því að auka viðnámsþrótt rekstursins við breytingunum. Stefnt er að því að byggja lofthreinsistöð við Nesjavallavirkjun 2030, en þar var sett upp tilraunastöð árið 2022.

Talsverð samkeppni er á smásölumarkaði raforku. Vörumerki Orku náttúrunnar er sterkt og hlaut fyrirtækið Íslensku ánægjuvogina fimmta árið í röð vegna ársins 2023. Orka náttúrunnar og Thor Landeldi ehf. undirrituðu í nóvember 2023 raforkusamning sem tryggir Thor Landeldi ehf. 5 MW af raforku. Thor Landeldi er með í undirbúningi laxeldi í grennd við Þorlákshöfn. Jafnframt var undirrituð viljayfirlýsing um aukningu upp að 10 MW sem styður við frekari uppbyggingaráform Thor Landeldis.

Óvissa hefur ríkt um hvaða kröfur sölumælar í hleðslustöðvum þurfi að uppfylla en samkeppnisaðili okkar óskaði eftir því síðastliðið haust að Orkustofnun rannsakaði búnað sem við notum í okkar hleðslustöðvar. Kvörtunin snéri að því að mælar í hleðslustöðvum rafbíla þyrftu að uppfylla svokallaða gerðarviðurkenningu sem væri ekki í hleðslustöðvum ON. Orkustofnun komst að þeirri niðurstöðu að mælar í hleðslustöðvum Orku náttúrunnar fyrir rafbíla standast kröfur. Hleðslutenglum fyrir almenning á rafmagnsbílum, svokölluðum hverfahleðslum Orku náttúrunnar, hefur fjölgað verulega á árinu.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að álit stjórnar og framkvæmdastjóra Orku náttúrunnar gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri Orku náttúrunnar staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023.

Reykjavík, 28. febrúar 2024

Í stjórn félagsins:

Helga Jónsdóttir

Gísli Björn Björnsson

Tómas Ingason

Ingvi Gunnarsson

Hólmfríður Sigurðardóttir

Framkvæmdastjóri

Árni Hrannar Haraldsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Orku náttúrunnar ohf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orku náttúrunnar ohf. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfylfum ákvæði siðareglna endurskoðenda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2023. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Mat framleiðslukerfa

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýr. 17 (c) bls. 23 til 24 og skýr. 8 á bls. 18 til 19:

Við höfum skilgreint mat framleiðslukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2023. Framleiðslukerfin eru metin útfrá afskrifuðu endurstofnverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Félagið framkvæmir virðisrýrnunarpróf á reikningsskiladegi og færir virðisrýrnun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem númer núvirtu tekjustreymi þeirra.

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið og virðisrýrnunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglæggar. Þar sem eignfærð framleiðslukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins.

Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýrnun framleiðslukerfa.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á framleiðslukerfum og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýrnunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Innlausn tekna

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningssskilaaðferðir í skýringu 17 (b) á bls. 23:

Tekjur af sölu og dreifingu á raforku og heitu vatni eru innleystar miðað við mælingar inná kerfin að teknu tilliti til orkutapa sem eiga sér stað í dreifikerfum. Mismunur á því magni sem kemur inná kerfin að frádragnum töpum og reikningsfærði notkun myndar tímabilsleiðréttingu sem er færð á reikningssskiladegi.

Sökum þess að tekjuskráning í lok ársins er byggð á áætlun stjórnenda er ákveðin óvissa bundin í tekjuskráningu er snýr að lotun tekna og tilvist. Af þeim sökum beinum við sjónum okkar sérstaklega að lotun tekna í endurskoðuninni, auk annarra endurskoðunaraðgerða er snúa að tekjuinnlausn.

Við endurskoðun á tekjum höfum við lagt mat á eftirlitsþætti í tekjukerfum. Þá höfum við prófað ákveðna eftirlitsþætti er snúa að skráningu tekna.

Við höfum skoðað og lagt mat á tölvueftirlitsumhverfi þar sem við höfum meðal annars farið yfir hvernig aðgangsstýringum er háttað inn í fjárhagskerfi og í undirkerfi er snúa að tekjuskráningu.

Við höfum beitt gagnaendurskoðunaraðgerðum þar sem við höfum m.a. yfirfarið afstemmingar á undir og yfirkerfi, beðið um staðfestingu ákveðinna viðskiptavina á mótteknu magni raforku og heitu vatni, veltu og stöðu í viðskiptamannabókhalda í árslok. Við höfum einnig skoðað innborganir eftir áramótin þar sem ekki fékkst staðfest staða frá viðskiptavinum.

Við höfum einnig framkvæmt greiningaraðgerðir þar sem við höfum borið saman við væntingar okkar raunverulega tekjuskráningu hjá Orku náttúrunnar.

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirlestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn og endurskoðunarnefnd skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt Orku náttúrunni ohf. þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra og endurskoðunarnefnd samstæðunnar um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi þann 26. apríl 2023 en þetta er sjötta samfellda reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.
Reykjavík, 28. febrúar 2024

Davíð Arnar Einarsson,
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.	2023	2022*
Rekstrartekjur	4	11.714.959	11.559.509
Orkukaup	(2.547.018)	(2.192.648)
Flutningur	(69.282)	(64.733)
Laun og launatengd gjöld	5	(1.879.684)	(1.482.350)
Annar rekstrarkostnaður	6	(2.497.963)	(2.929.203)
Rekstrarkostnaður samtals		(6.993.946)	(6.668.934)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		4.721.013	4.890.575
Afskriftir	8	(1.951.882)	(1.684.203)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		2.769.131	3.206.372
Vaxtatekjur		299.999	114.007
Vaxtagjöld og verðbætur	(1.581.139)	(1.689.758)
Gengismunur		643	(3.851)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		(1.280.497)	(1.579.602)
Hagnaður fyrir tekjuskatt.....		1.488.633	1.626.769
Tekjuskattur	7	(297.731)	(325.358)
Hagnaður ársins		1.190.903	1.301.412

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

	Skýr.	31.12.2023	31.12.2022*
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	38.643.309	38.113.890
Ófnislegar eignir	9	14.178	0
Fastafjármunir samtals		38.657.487	38.113.890
Viðskiptakröfur	10	752.742	858.849
Aðrar skammtímakröfur	10	6.204	6.011
Kröfur á tengd félög	10,15	411.368	231.204
Lausafé í ávöxtun hjá móðurfélagi	10,15	3.022.194	3.730.266
Handbært fé	11	101.205	83.159
Veltufjármunir samtals		4.293.714	4.909.490
Eignir samtals		42.951.201	43.023.380
Eigið fé			
Hlutfé		2.004.500	2.004.500
Endurmatsreikningur		16.530.734	16.822.144
Lögbundinn varasjóður		501.125	447.137
Óráðstafað eigið fé		4.351.867	4.296.620
Eigið fé samtals		23.388.226	23.570.401
Skuldir			
Langtímalán frá tengdum félögum	12	13.600.635	13.255.367
Tekjuskattsskuldbinding	13	3.606.845	3.612.899
Langtímaskuldir og skuldbindingar samtals		17.207.480	16.868.266
Viðskiptaskuldir	14	544.782	546.524
Næsta árs afborgun langtímalána við tengd félög	12	715.823	662.768
Ógreiddir reiknaðir skattar		476.972	469.419
Aðrar skammtímaskuldir	14	404.553	579.816
Skuld við tengd félög	15	213.366	326.186
Skammtímaskuldir samtals		2.355.496	2.584.713
Skuldir og skuldbindingar samtals		19.562.975	19.452.979
Eigið fé og skuldir samtals		42.951.201	43.023.380

* Samanburðarfjárhæðir hafa verið leiðréttar. Sjá nánar í skýringu 3.

Eiginfjáryfirlit 2023

Árið 2023	Hlutafé	Endurmats- reikningur	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2023	2.004.500	16.822.144	447.137	4.296.620	23.570.401
Endurmat, hækkun		783.653			783.653
Tekjuskattsáhrif af endurmati		(156.731)			(156.731)
Innlausn endurmats vegna afskrifta		(1.147.915)		1.147.915	0
Tekjuskattsáhrif af innlausn endurmats		229.583		(229.583)	0
